

Kennari	Þorsteinn Krüger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Valdir þættir úr sögu 20. aldar verða hér teknir til íhugunar og gagnrýnnar skoðunar. Einkum mannkynssaga, en þó verður líka um Ísland fjallað og aðstæður hér og hvernig atburðir í öðrum löndum höfðu áhrif á íslenskt samfélag. Þetta er ekki hefðbundin yfirlitssaga heldur verður leitast við að kafa dýpra í valið efni og það skoðað og rannsakað með margvíslegu móti. Þeir þættir sem verða megin viðfangsefni áfangans eru: Heimsvaldastefnan og orsakir fyrri heimsstyrjaldarinnar, millistríðsárin og kalda stríðið.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- völdum þáttum úr sögu 20. til 21. aldar
- mismunandi tegundum heimilda og grunnþekkingu í heimildarýni
- sögulegu samhengi mikilvægra málefna sem eru umtöluð á líðandi stund
- helstu hugtökum sem höfð eru um söguleg fyrirbæri þessa tímabils

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- helstu hugtökum sem höfð eru um söguleg fyrirbæri þessa tímabils
- meta gildi áreiðanlegra heimilda og nota fjölbreyttar tegundir þeirra
- sjá tengsl fortíðar og nútíðar og samhengið á milli hinna ýmsu tímabila og einstakra þátta sögunnar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla upplýsinga í heimildum og draga ályktanir af þeim
- greina sögulegan uppruna samtímafyrirbæra
- beita gagnrýnni hugsun í þekkingaröflun og leggja sjálfstætt mat á söguleg álitamál

SAGA2MT05 – fjarnám Námsáætlun – Vorönn 2022



- taka þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafningjum um sagnfræðileg efni
 - sýna umburðarlyndi og víðsýni gagnvart sögulegum viðfangsefnum
- skilja takmarkanir helstu hugtaka sem höfð eru um söguleg fyrirbæri þessa tímabils

Námsgögn:

Sigurður Ragnarsson: *20. öldin. Svipmyndir frá öld andstæðna. Mál og menning.*
Rv. 2007.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/ verkefni	Vægi námsmat spátta
Vikunúmer hér að neðan vísa til vikunúmera Innu	Fyrsti hluti. Heimsstyrjöldin fyrri. Friðargerðin og baksvið hennar		
2. - 3. vika	1. kafli	Skilaverkefni 1	10%
4. - 5. vika	2. kafli	Skilaverkefni 2	10%
6. - 7. vika	3. kafli	Skilaverkefni 3	10%
8. - 9. vika	4. og 5. kafli	Skilaverkefni 4	10%
	Annar hluti. Árin á milli stríða. Áratugir andstæðna og átaka		
10. - 11. vika	1. og 3. kafli	Skilaverkefni 5	10%
12. - 13. vika	4. 6. 7. kafli	Skilaverkefni 6	10%
	Priðji hluti. Kaldastríðsár		
14. og 16. vika	1. 2. og 3. kafli	Skilaverkefni 7	10%

SAGA2MT05 – fjarnám Námsáætlun – Vorönn 2022



17. vika	4. 5. og 6. kafli	Skilaverkefni 8	10%
	Fjórði hluti. Heimurinn við aldahvörf		
18. vika	1. kafli	Skilaverkefni 9	10%
	Próf á Moodle, tekið síðari hluta annar úr öllu efninu		10%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> XSímat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Próf	Próf á Moodle kennsluvefnum		10%
Skilaverkefni	Skilaverkefni eru 9 samtals, úr öllum hlutum námsbókarinnar og gilda 10% hvert. Próf á Moodle gildir 10%		90%
	Samtals:		100%

Allar einkunnir munu birtast í Innu námsvefnum.

Annað:

Moodle kennsluvefurinn verður notaður í þessum áfanga. Glærur verða aðgengilegar á vefnum sem og ýmislegt annað efni. Öll verkefnaskil fara í gegnum skilakassa á moodle.

Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar og óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Krüger (ÞOK)
kruger@vma.is

Dagsetning:

14/11/22

Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils